



# SKÓLARÁÐ VESTURBÆJARSKÓLA

Skólaráð er samráðsvettvangur þeirra sem að skólastarfinu koma þ.e. starfsmanna, foreldra og nemenda, auk grenndarsamfélagsins. Skólaráð grunnskóla starfar í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Einnig er valinn einn fulltrúi grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra. Fundartími skólaráðs er á sex vikna fresti á föstudögum kl. 8:30. Sjá [reglugerð um skólaráð](#).

<b>Skólastjórnendur:</b> Margrét Einarsdóttir, skólastjóri Þóra Björk Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri (til vara)	margret.e@rvkskolar.is thora.bjork.gudmundsdottir@rvkskolar.is
<b>Fulltrúar foreldra:</b> Guðríður Lára Þrastardóttir Yrsa Þöll Gyldadóttir	guggala@gmail.com yrsagylfa@gmail.com
<b>Fulltrúar kennara:</b> Sunna Guðmundsdóttir Erna Guðríður Kjartansdóttir	sunna.gudmundsdottir@rvkskolar.is erna.gudridur.kjartansdottir@rvkskolar.is
<b>Fulltrúi starfsfólks:</b> Kalla Björg Karlsdóttir	kalla.bjorg.karlsdottir@rvkskolar.is
<b>Fulltrúi grenndarsamfélags:</b> Magnea Guðrún Gunnarsdóttir	magneagudrun@gmail.com
<b>Fulltrúar nemenda</b> Sveinn og Jökla	Fulltrúar úr Réttindaráði

## Verkefni skólaráðs eru að:

- taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans,
- fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- veita umsagnir um áætlanir, um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin,
- fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.



# Skólaráðsfundur 21. mars 2024

Mættir: Margrét skólastjóri, Sunna kennari, Erna Guðríður kennari, Kalla ritari, Jökla nemandi, Arnar foreldri, Yrsa foreldri og Elísabet nemandi.

## Dagskrá

- Hvatningarverðlaun
- Skóladagatal 2024-2025
- Innra mat
- Samstarf heimila og skóla
- Önnur mál

Margrét segir frá hvatningaverðlaunum sem Vesturbæjarskóli hlaut fyrir bátaleikana.

Margrét kynnir skóladagatalið og ber það upp til samþykktar. Skóladagatalið er samþykkt af öllum.

Margrét kynnir vinnu við innra mat skólans og verklag þess.

Margrét segir frá fundi með stjórnendum og foreldrafélaginu.

Önnur mál:

Margrét segir frá framkvæmdum við Framnesveg og hvernig aðstaða rútu breytist við skólann.

Yrsa spyr um sundrútuna, hvort hún sé skylda eða ekki. Erna Guðríður útskýrir hvers vegna 7. bekkur fær að ráð hvort þau fara með rútu til baka.

Fundi slitið

# Skólaráðsfundur 22. febrúar 2024

Mættir eru: Þóra Björk, Kalla, Sunna, Erna Guðríður, Guðlaug,, Yrsa, Guðríður, Jökla, Sveinn ásamt nemendum úr réttindaráði

Þóra Björk býður fundargesti velkomna.

Gulla útskýrir fyrir réttindaráði hvað skólaráð er.

Nemendur úr réttindaráði kynna fyrir skólaráði markmið Réttindaskóla og hvað við gerum hér í skólanum.

- að auka þekkingu á réttindum barna,





- lýðræði – börn fá tækifæri til að segja sína skoðun t.d. á bekkjarfundum og í hugmyndakassa
- eldmóður – að skapa áhuga fyrir réttindum barna
- barnasáttmálinn hluti af daglegu starfi
- samstarf – skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar

Hlutverkaleikur: réttindaráð stýrir hlutverkaleik fyrir fundargesti. Umræður um leikinn og aðra leiki sem notaðir eru til að börn skilji mismunandi stöðu barna í heiminum.

Samsetning og vinnulag réttindaráðs kynnt. Hverjir sitja í því, hvenær er fundað o.s.frv.

Sagt frá hvar upplýsingar um réttindaráð er að finna á heimasíðu skólans. Sagt frá gerð skýrslu fyrir hvern vetur og að eftir hvern fund er gerð fundargerð.

Gulla og réttindaráð segir frá núverandi verkefni réttindaráðs sem er að skipuleggja skólareglur, t.d. símareglu. Einnig er sagt frá öðrum verkefnum sem réttindaráð hefur tekið fyrir.

Fundarmenn rýna í mynd: Hvað er að gerast á myndinni? Verkefni sem er notað til að tengja við réttindi barna.

Réttindaráð segir frá endurskoðun skólareglna og hvernig þau er að vinna að því að tengja skólareglur við Barnasáttmálann. Þær verða svo kynntar í skólaráði þegar þær eru tilbúnar.

Réttindaráð útskýrir símaregluna í skólanum sem Réttindaráð samdi. Umræða um símanotkun og að mögulega þurfi að kynna þessa reglu fyrir foreldrum.

Þóra þakkar réttindaráði fyrir kynninguna og starfið í réttindaráði.

Þóra segir frá skóladagatalinu fram undan og að það sé orðið gagnvirk og hægt að smella á viðburði og lesa um þá bæði á íslensku og ensku. Einnig er sameiginlegur starfsdagur hverfisins 17. maí n.k. kynntur.

Næsti fundur fimmtudaginn 21. mars og þar verður farið yfir skóladagatalið 2024-’25





# Skólaráðsfundur 23. október 2023

Mættir eru: Yrsa, Jökla, Sveinn, Kalla, Margrét, Sunna, Erna Guðríður.

Margrét segir frá dagskrá funda vetrarins í starfsáætlun skólans. Gert er ráð fyrir að funda á fimmtudögum.

Margrét segir frá starfsáætlun skólans sem er samþykkt.

Margrét segir frá áætlun um innra mat í skólanum. Hvernig ákveðin atriði eru metin eitt ár og svo gerð umbótaáætlun næsta ár. Umbótaþættir vetrarins eru:

- verkefnaþið nám
- Þakgarðurinn
- agi í kennslustundum á göngum og á skólasafninu
- Gæðakennslustundir
- Stærðfræðikennsla
- Leiðsagnarnám
- stjórnendur sýnilegri.

Margrét segir frá þeim matsþáttum sem metnir verða í vetur:

- stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
- stjórnun grunnskólans
- Faglegt samstarf og skólaþróun
- Skóladagur nemenda og kennslustundir
- Verklagsreglur og áætlanir
- Fagmennska starfsfólks
- starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Margrét segir frá gagnvirku skóladagatali sem er orðið aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Margrét segir frá því að oft sé leitað til skólans varðandi rannsóknir á skólastarfi, bæði til að kynna starf okkar í öðrum skólum, s.s. teymiskennslu og réttindaskólann. Einnig tökum við þátt í rannsóknum í háskólum landsins. Margrét segir frá niðurstöðum í rannsókn um Byrjendalæsi sem Vesturbæjarskóli tekur þátt í.

Margrét segir frá komandi Barnaþingi, undirbúningi og tilgangi.





Margrét segir frá að dagskrá næsta fundar.

Yrsa spyr hvort skólinn hafi verið fengið fyrirlesara um fjölmiðlalæsi. Erna segir frá því hvernig unnið er með fjölmiðlalæsi t.d. í 7. bekk.





# Skólaráðsfundur 30. mars 2023

Mættir eru: Tim, Selma, Guðríður, Yrsa, Kalla, Magnea, Margrét og Sunna.

1. Margrét skólastjóri afhendir og útskýrir skóladagatal næsta skólaárs 2023-2024. Skóladagatal rætt. Skóladagatal samþykkt af skólaráði.
2. Margrét segir frá ráðstefnu skólastjórnenda. Segir frá því að í skólaheimsóknum hafi nemendur tekið á móti gestum í skólunum sem þær heimsóttu. Upp hefur komið hugmynd um að nemendur hér taki á móti gestum og kynni skólann. Nemendur segja frá því sem þeir mundu kynna fyrir gestum skólans.
3. Margrét kynnir skólapúlsinn. Umræður um niðurstöðurnar.
4. Margrét ræðir umræðu um svifryk og um að skólinn hefur óskað eftir svifryksmæli í skólann til Reykjavíkurborgar.
5. Magnea og Margrét sýna hugmyndir af skólapeysunni.
6. Önnur mál:
  - Birta spyr um hvort eitthvað hafi komið út úr myglurannsóknunum. Margrét upplýsir um að ekkert sé komið út úr þeim. Margrét upplýsir um að þessi mál séu á ákveðnu ferli hjá Reykjavíkurborg.
  - Birta spyr um loftklæðningu sem virðist hafa losnað.
  - Magnea spyr um Úkraínsku nemendur skólans og hvort sá bekkur sé enn starfandi. Margrét upplýsir um að verkefnið verði í gangi a.m.k. til vors.
  - Guðríður spyr um mál nemenda sem sóttum um að komast í íslenskuver í Austurbæjarskóla. Margrét upplýsir.
  - Spurt um leiktækin á skólalóðinni. Margrét upplýsir að tækin hafi verið í viðgerð,





## Skólaráðsfundur 15. nóvember 2022

Fundur í skólaráði.

Mættir: Erna Guðríður kennari, Magnea foreldri, Guðríður foreldri, Kalla skrifstofustjóri, Margrét skólastjóri, Sunna kennari, Birta nemandi og Eldey nemandi.

Margrét ber upp starfsáætlun skólans til samþykktar. Starfsáætlun samþykkt.  
Margrét sýnir og segir frá niðurstöðum úr Lesmáli.

Birta og Eldey segja frá Barnaþingi. Umræðuefnin eru tvö og 7. bekkur sér um framkvæmd þingsins. Margrét segir frá endurmati á vegum Unicef.

Margrét ræðir um fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráði, að það þurfi að finna hann.

Margrét ræðir um að fundir skólaráðs skuli vera á fimmtudögum hér eftir.

Önnur mál:

- Magnea spyr um hvort búið sé að leggja niður lestrarskráningarheftin. Margrét ætlar að skoða það mál. Rætt um fyrirkomulag lestrarskráningar.
- Guðríður spyr um grænmetismatinn. Birta ræðir um einhæfni grænmetismatarins. Haldinn var fundur með kokkinum sem ræddi við nemendur sem komu með hugmyndir. Margrét segir að þetta sé í ferli.
- Guðríður spyr um hvort rútumálin hafi verið endurskoðuð, þ.e. að óþarfi sé að kaupa rútu til að keyra nemendur. Margrét segir að það hafi ekki verið rætt og um að ábyrgðarskylda sé meiri nú en hún var hér áður fyrr.

## Skólaráðsfundur 31. mars 2022

Mættir: Kalla Björg skrifstofustjóri, Magnea fulltrúi grenndarsamfélags, Tui foreldri, Guðríður foreldri, Erna Guðríður kennari, Sunna kennari, Margrét skólastjóri.

1. Margrét fer yfir skólastarfið og lýsir því hvernig veikindi hafa haft áhrif á skólastarfið frá áramótum. Þrátt fyrir það hefur skólastarfið gengið sinn vanagang t.a.m. var fyrsti samsöngur fyrir alla sl. föstudag sem var einstök stund. Vonandi geta foreldrar tekið þátt fljótlega. Foreldrum verður brátt boðið í alla bekkina sem fer í gang í næstu viku. Jólaleikrit var flutt í mars og upplestrarkeppni var á sínum stað. Þróunarverkefni skólans





var kynnt á Öskudagsráðstefnu. Ýmis verkefni hafa verið unnin t.d. kærleikur í hverfið, 100 daga hátíð, réttindabingó, skólaping og margt fleira.

Margrét kynnir hvernig mánaðarskipulag skólans virkar fyrir starfsfólk.

2. Margrét segir frá hvernig tækjakostur skólans hefur aukist í 5. – 7. bekk, 1 tæki pr. mann í gegnum verkefnið Grósku hjá Reykjavíkurborg. Margrét lýsir því hvernig skólinn leggur áherslu á skapandi skólustarf og er tækin einn hluti af því. Umræður um hvernig skapandi skólustarf birtist í skólanum.
3. Skóladagatal næsta skólaárs kynnt og samþykkt af skólaráði.
4. Magnea segir frá fundi með borgarstjóra í hverfisráði. Fundurinn var óformlegt spjall við borgarstjóra. Þar var rætt um endurbætur á skólalóð, lýsing á skólalóð, óskuðu eftir lýsingu á leikvelli, ánægja með nýtingu á skólalóð eftir að skólustarfi lýkur. Einnig var rætt um aðra skóla í hverfinu. Umræða um KR. Ræddu um að mikilvægi þess að styrkja þjónustumiðstöð hverfisins og að biðlistar og annað séu ekki boðlegir. Ræddu um græn svæði og mikilvægi þess að halda í öll grænu svæði hverfisins, styrkur fyrir samfélagsgróðurhúsi. Umferðaröryggi við Hringbraut.
5. Önnur mál: Magnea ræðir um bekkjamyndatökur og að þær séu illa teknar og illa unnar. Margrét ætlar að skoða það mál.

Guðríður spyr um foreldrafélagið. Margrét lýsir því hvernig starf foreldrafélagsins hafi verið með minni starfsemi í Covid og hvernig eigi að standa að vorhátíð og kosningu í foreldrafélaginu. Erna segir frá því að nemendur vilji fara að endurvekja bekkjarkvöld. Guðríður lýsir því að hún viti að foreldrar hafi áhuga á því að taka þátt í starfi foreldrafélagsins. Rætt um hvernig skipuleggja eigi vorhátíð. Nemendum í 7. bekk langar að halda árshátíð. Magnea og Guðríður ætla að heyra í Styrmi, sem er í stjórn foreldrafélagsins vegna vorhátíðar.

Magnea ræðir um nýtt deiliskipulag í KR og mælir með að íþróttakennarar og skólinn kynni sér hvernig það hentar nemendum. Hægt er að gera athugasemdir til 13. apríl. Hvað verður um frístundastarfið sem er á KR svæðinu. Margrét velti því fyrir sér hvort Skólaráð Vesturbæjarskóla eigi að koma með athugasemdir varðandi skipulagið sem byggja á áhyggjum foreldra af lítilli fjölbreytni í íþróttastarfinu.

Magnea ræðir um girðingu í kringum Hringbraut hvort hægt er að planta klifurjurt sem mundi vaxa upp eftir girðingunni. Margrét segir frá því að það eigi að gróðursetja plöntur á lóð skólans í vor. Hún ætlar að kanna hvernig gróður það er.







Magnea ræðir um hvernig sé staðið að því að fylgja eftir miklum veikindum barna eins og t.d. að hafa samband heim við foreldra. Hún spyr hvort séu verklagsreglur séu til í skólanum varðandi veikindi og mætingu. Margrét lýsir því að skólinn hafi verklag í þessum málum, hins vegar hafi verið erfitt að fylgja því fyllilega eftir á tímum Covid.

Fundið slitið

## Skólaráðsfundur 29. apríl 2021

Mættir: Margrét Einarsdóttir skólastjóri, Ragnheiður Birgisdóttir umsjónarkennari, Erna G. Kjartansdóttir umsjónarkennari, Kalla Björg Karlsdóttir skrifstofustjóri, Kristján Burgess, Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Dagskrá:

- Skóladagatal
- Skólalóðin
- Umferðaröryggi
- Skólaslit
- Önnur mál

**Skóladagatal:** Margrét byrjaði á því að fara yfir skóladagatal næsta vetrar. Kristján var ánægður með að verið var að samræma dagana með leikskólunum í hverfinu. Annars komu engar athugasemdir við skóladagatalið og þar með var það samþykkt.

**Skólalóðin:** Skólalóðin var næst á dagskrá. Það á að byrja núna á næstu dögum að girða og byrja að undirbúa. Margrét sýndi okkur teikningarnar af lóðinni og rifjaði upp hvað á að gera. Setja á fótboltavöll, bekki, trampólín og fleira. Kristján ræddi um að hvort væri hægt að pressa á að setja gróður á lóðina sem snýr að Hringbrautinni eða gera eitthvað sem snýr að þessari miklu umferðargötu. Magnea Guðrún var sammála Kristjáni um að fá gróður við Hringbrautina.

**Umferðaröryggi:** Nú er hafin vinna við hraðahindrun og gangbraut á horni Sólvallagötu og Framnesvegur. Skólaráð hefur fjallað nokkuð oft um þetta mál og stjórnendur hafa oft haft samband við samgöngustjóra og starfsmenn á hans vegum vegna málsins. Ánægja er með að verkið er hafið.

**Skólaslit:** Skólaárið er að verða búið og er ekki vitað hvernig við getum lokið þessu skólaári. Hvort hægt er að bjóða foreldrum á skólaslit. Byrjað er að huga að næsta skólaári. Nokkrar breytingar verða næsta vetur. Tveir kennarar eru að hætta og einn að fara í leyfi. Það gengur vel að ráða fyrir næsta vetur.

**Önnur mál:** Önnur mál voru engin.





# Skólaráðsfundur 20. janúar 2021

Mættir: Margrét Einarsdóttir skólastjóri, Ragnheiður Birgisdóttir umsjónarkennari, Erna G. Kjartansdóttir umsjónarkennari, Kalla Björg Karlsdóttir ritari, Kristján Burgess, Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

## Dagskrá

- **Samræmd próf**
- **Skólapúlsinn**
- **Facebook síða skólans**
- **Skólalóðin**
- **Samráðsfundir**
- **Áhrif Kovid á börnin**

**Samræmd próf:** Hrefna Birna Björnsdóttir fór yfir samræmdu könnunarprófin og niðurstöður þeirra í 4. og 7. bekk 2020. Hún byrjaði á því að fara yfir einkunnagjöfina. Í fyrsta skipti er núna gefið í A B B + C C+ og D. Hrefna fór yfir prófin og hvernig þau eru uppbyggð. Hrefna byrjaði á því að fara yfir niðurstöðurnar í 7. bekk í íslensku. Erfitt er að bera saman árið í fyrra því núna er gefið í bókstöfum en áður í tölum. Kennarar barnanna voru ánægðar með niðurstöðurnar. Næst var farið í stærðfræðina í 7. bekk. Skólinn er nokkurn veginn að fylgja landsmeðaltali. 4. bekkur íslenskan kom vel út, fleiri framúrskarandi í íslensku en landsmeðaltalið. Stærðfræðin er sambærileg og landsmeðaltalið. Kennararnir vinna úr niðurstöðunum og bregðast við þeim. Hrefna yfirgefur fundinn eftir kynninguna.

**Skólapúlsinn:** Margrét skólastjóri fór yfir skólapúlsinn sem er könnun sem lögð er fyrir nemendum í 6. og 7. bekk. Virkni menenda, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi eru þættir sem spurt er um í könnuninni. Margrét ræddi um að það væri að verða nokkuð eðlileg starfsemin í skólanum eftir Covid lokunina núna í haust.

**Facebook síða skólans:** Facebook síða Vesturbæjarskóla er komin í loftið og enn eru fáir foreldrar að fylgja henni. Það þarf að fá fleiri foreldra til að fylgja síðunni. Hugmynd er um að auglýsa hana á facebook síðu allra bekkja.

**Skólalóðin:** Kristján ræddi um skólalóðina, hvað væri hægt að gera til að bæta loftgæði á lóðinni.

**Samráðsfundir:** Magnea spurði um lengd samráðsfundanna, hvort 15 mínútur væri nægur tími. Kennurunum finnst það nægur tími af því þetta eru fjarfundir.

**Kovid:** Ræddum líka um hvort Covid hefði áhrif á krakkana, hvort við fyndum mun á þeim og hvort við fyndum fyrir auknum kvíða.

Ritari: Ragnheiður Birgisdóttir





# Fundur í skólaráði 17. september 2020

**Mættir:** Magnea Guðrún, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Kristján Guy Burgess fulltrúi foreldra, Erna Guðríður, kennari, Sunna, kennari, Margrét skólastjóri, Kalla Björg, skrifstofustjóri, Sigrún Alba fulltrúi foreldra, Margrét Geirsdóttir formaður foreldrafélagsins áheyrnarfulltrúi.

## Dagskrá:

- **Upphaf skólaársins - Skólastarfið í Covid-19**
- **Skólalóð**
- **Hraðahindranir**
- **Starfsáætlun til samþykktar**
- **Önnur mál**

## Upphaf skólaársins - Skólastarfið í Covid-19

Margrét segir frá skólabyrjun í ljósi Covid-19. Kristján og Sigrún segja frá upplifun foreldra af skólabyrjuninni í ljósi aðstæðna og eru almennt jákvæð.

Margrét segir frá fyrirhuguðum samráðsviðtölum og hvernig þeim verður háttað í ljósi aðstæðna og að skólinn fari eftir fyrirætlunum frá Reykjavíkurborg.

Sigrún og Kristján stinga upp á að viðtölin hafi fram í gegnum netið eða síma og að það sé nauðsyn að fundirnir falli ekki niður.

Margrét sýnir myndir frá vef Austur-Vestur sköpunarsmiðjum af verkefnum nemenda.

Margrét og Sunna segja frá Leiðtoganámi stærðfræðikennara sem 6 kennarar í skólanum taka þátt í.

## Skólalóð

Margrét segir frá framkvæmdum á skólalóð m.a. að byrjað er að rífa húsið við Hringbraut. Því skal vera lokið 1. okt. Þegar því er lokið verður mál þar til í vor þegar framkvæmdir við skólalóðina hefjast.

## Hraðahindranir

Skv. Þorsteini umferðarstjóra í Reykjavík þá verða hraðahindranir (þar sem var malbikað) lagað á næstu dögum. Hraðahindranir Sólvallagata/Framnesvegur verða gerðar alveg á næstunni. Ekki kominn föst dagssetning.

Rætt um leiðir til að bílar leggi ekki við gangbrautir t.d. með því að setja blómaker svo ekki sé hægt að leggja. Magnea ætlar að kanna það mál.

Margrét Geirsdóttir ræðir um vistgötur og sýnir kort af götum sem gera á að vistgötum. Sigrún spyr um rafmagnsbílahleðslustöðvar og hvort eitthvað hafi orðið af því. Ekkert gerst í þeim efnum.





Rætt um kennslustofu á þaki og notkun á henni.

### **Starfsáætlun til samþykktar**

Rætt um nýja starfsáætlun skólans.

Kristján segir frá hugmyndum foreldrafélagsins um breytingar á foreldrafélaginu og að það setji sér lög í anda foreldrafélagsins í Grandaskóla. Skv. Kristjáni er verið að festa í formi þær reglur sem hafa verið við hafðar í foreldrafélaginu. Óvíst er hvenær þetta kemur til framkvæmda vegna Covid-19. Rætt hvernig megi koma á fundi í foreldrafélaginu og Margrét og Kristján ætla að skipuleggja í gegnum fjarfund.

Sigrún Alba ræðir um umbótaáætlun skólans og hvernig hún sé framkvæmd.

Margrét Geirsdóttir gerir athugasemd við grein 6.1. í starfsáætluninni sem fjallar um áætlun heim. Hún telur að það þurfi skýrari línur um áætlun og samstarf heimilis og skólans en hún gengur ekki nógu vel.

Starfsáætlun samþykkt.

### **Önnur mál**

Engin.





# Fundur í Skólaráði 5. maí 2020

Mættir: Margrét Einarsdóttir, Kristján G. Burgess, Kalla Björg Karlsdóttir, Ásta Olga Magnúsdóttir, Erna G. Kjartansdóttir, Sunna Guðmundsdóttir og Matas.

## Dagskrá:

- Skólastarf að skólaslitum
- Skóladagatal
- Önnur mál

## Skólastarf að skólaslitum

Margrét fór yfir afléttingu takmarkana. Allir árgangar fá rútu fyrir vorferðir. Engin vorhátíð verður í ár. Vinaleikar verða 20. maí. Skólinn er læstur.

## Skóladagatal

Skóladagatal. Samræmd próf í lok september og byrjun október. Starfsdagur 5. okt og samráðsfundadagar 6. og 7. okt. Skertur dagur 14. okt, 5.-7. fyrr heim en 1.-4. fara fyrr í frístund. Skertur dagur 2. mars. Starfsdagur 9. mars, 6. apríl og 10. maí. Skólaslit 10. júní.

Olga og Kristján tala um að ekki eru mikil tengsl við sérgreinakennara. Gott að fá hugmyndina á bak við t.d. teymiskennsluna og samræmdu prófanna og sérgreinanna. Gott að fá kynningu á hugmyndafræðinni sem er gegnum gangandi í skólanum að hausti, september. Meiri upplýsingar en minni. Hafa kynningu á samræmdu prófunum áður en þau eru að hausti. Sýnileiki sérgreina vantar. Sérgreinakennarar ganga t.d. á milli á kynningum kennara á starfi vetrarins.

Kennarar hafa verið að styrkja tengslin við nágrennið sbr. hjörtun í hús og kveðja á Grund. Olga ætlar að skoða að sækja um styrk til að skreyta á skólalóðinni eitthvað sem tengist fjölmeningunni sem er í skólanum. Kannski til að hafa á skólaslitum?

Gott að útskýra fyrir foreldrum af hverju það er skertur dagur, hvað er verið að gera? Skóladagatal er samþykkt.

## Önnur mál

- Olga ætlar að leita að nýjum aðila fyrir sig fyrir næsta ár.
- Olga fékk svar við deiliskipulaginu við Byko reitinn. Hún ætlar að senda Margréti svarið.
- Skólalóðin: áfram á plani. Það á að rífa húsið á lóðinni. Ekki vitað hvenær. Ekki hægt að bjóða verkið út fyrr en húsið er farið. Við erum með fjárheimild fyrir sumarið. Gangbrautin á Framnesvegi?
- Hitta áhugasama foreldra í haust varðandi gróðurhúsið.





# Fundur í Skólaráði 10. mars 2020

**Mættir:** Margrét Einarsdóttir, Kristján G. Burgess, Margrét Geirsdóttir, Kalla Björg Karlsdóttir, Ásta Olga Magnúsdóttir, Erna G. Kjartansdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Matas og Úlfhildur.

## Dagskrá

- Réttindaráð
- Samfok
- Önnur mál

## Réttindaráð

Matas og Úlfhildur fulltrúar 7. bekkjar í réttindaráði sýndu myndband af förinni til Kaupmannahafnar. Þau sögðu einnig frá ferðinni og markmiði hennar.

Réttindaráð kynnti aðgerðaráætlun skólans í Réttindaskólaverkefninu og allir fóru í Hlutverkaleikinn. Réttindaráð leiddi hópinn um skólann og sýndi verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við réttindi barna. Barnasáttmálinn er sýnilegur á göngum og í matsal og anddyri skólans.

## Samfok

Kristján segir frá að Samfok býður upp á námskeið sem hann fór á. Ekkert skólaráð uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram. Það sem fór fram á námskeiðinu:

- Hvernig virkjum við fólk í foreldrastarfi? Ef foreldrar eru virkir þá gengur betur með börnin skv. rannsóknunum.
- Þarf að kjósa varamenn.
- Einn fundur með öllu samfélaginu í skólanum.
- Annar fundur með nemendum.
- Passa upp á formlega þætti í skólaráðinu.

Kristján: Hvað getum við gert til að aðstoða við t.d. fátækt/flóttamál?

Margrét segir frá nemendaverndarráði og hlutverki þess.

## Önnur mál

Ekkert að fréttu af Bykoreitnum.

Útboð varðandi skólalóðina er komið í ferli. Það er verið að athuga með húsið á lóðinni. Framkvæmdir eiga að hefjast í sumar.

Það er verið að vinna með gönguleiðirnar og gönguljós eiga að endurnýjast í sumar.

Umræða um Covid 19, aðgerðaáætlun er til staðar hér.





# Fundur í skólaráði 22. nóvember 2019

Mættir: Kristján G. Burgess, Margrét Geirsdóttir, Kalla Björg Karlsdóttir, Ásta Olga Magnúsdóttir, Erna G. Kjartansdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Hrefna Birna Björnsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Sigrún Alba, Mata, og Úlfhildur og fulltrúar frá VSÓ. Ráðgjöf.

Dagskrá:

- Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, OR og Veitna um rafbílahleðslustöðvar
- Samræmd próf
- Byko reitur
- Réttindaskóli
- Önnur mál

## **Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, OR og Veitna um rafbílahleðslustöðvar**

Skólaráð vill fá fleiri tillögur að staðsetningu á hleðslustöð t.d. á Vesturvallagötu.

## **Samræmd próf**

Hrefna Birna kynnir niðurstöður samræmdra prófa. Almenn umræða m.a. um framkvæmd prófanna.

## **Byko reitur**

Rætt um athugasemdir skólaráðs varðandi breytingar á deiliskipulagi á BYKO reit.

## **Réttindaskóli**

Nemendur, Úlfhildur og Matas segja frá réttindaráði skólans og að Vesturbæjarskóli sé orðinn réttindaskóli UNICEF. Margrét skólastjóri segir frá þátttöku nemenda á barnþingi.

## **Önnur mál**

Hjúkrunarfræðingur hefur störf hjá skólanum n.k. mánudag.

Nýtt leiðakerfi strætó.

Jólafondur foreldrafélags verður n.k. laugardag og mun skólahljómsveitin spila.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 21. janúar.





# Fundur í skólaráði 3. Október 2019

**Mættir eru:** Margrét Einarsdóttir, skólastjóri, Erna Guðríður Kjartansdóttir, umsjónarkennari, Kalla Björg Karlsdóttir, skrifstofustjóri, Sunna Guðmundsdóttir, umsjónarkennari, Margrét Geirsdóttir, formaður foreldrafélagsins (áheyrnarfulltrúi), Sigrún Alba Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra, Ásta Olga Magnúsdóttir, fulltrúi grenndarsamtaka, Úlfhildur Tómasdóttir, nemandi í 7. Bekk, Matas nemandi í 7. Bekk, Kristján Guy Burgess, fulltrúi foreldra

## Upphaf skólaársins

Margrét E. gerir grein fyrir upphafi skólstarfsins í haust. Almenn ánægja hjá kennurum að hafa námskynningar á skólasetningardaginn og gott að geta tekið á móti foreldrum og nemendum í hátíðarsal skólans. Sigrún og Margrét G. segja frá ánægju foreldra með fyrirkomulagið. Margrét G. ræðir um að inn í kynningu kennara mætti koma betur inn í áherslur skólans, t.d. tilgang teymiskennslu, einstaklingsmiðað nám, námsmarkmið o.fl. Ásta Olga bendir á að þegar kynningar fara fram í upphafi skólaárs séu ekki margar spurningar komnar fram því að skólstarfið er ekki hafið. Kristján lýsir ánægju með að framkvæmdir við skólalóð hafi klárast fljótt og vel.

## Skólalóð

Nemendur lýsa ánægju með skólalóðina. Margrét E. segir frá þeim framkvæmdum sem eftir eru á skólalóðinni á næstu misserum. Ekki er ljóst hvenær framkvæmdir hefjast.

## Starfsáætlun skólans/Byggingarmál

Margrét E. Segir frá tilurð starfsáætlunar. Sigrún lýsir skoðun sinni á því hversu skýr og vel unnin hún er.

Ásta Olga ræðir um fjölda stunda í verk- og listgreinum og þá sérstaklega um fjölda tíma í tónmennt. Ásta Olga ræðir um hvort þær stundir sem áætlaðar eru á barn séu í stórum eða litlum hópum. Ásta Olga ræðir um mikilvægi samstarfs milli tónlistarskóla, skólahljómsveitar,







kórs og foreldra sem eru tónlistarmenn. Aðrir fulltrúar foreldra taka undir þetta. Margrét E. segir frá fyrirhuguðu samstarfi við skólahljómsveitina t.d. á jólaföndrinu og á vorhátíð.

Ásta Olga spyr hvort hægt sé að nota flygilinn í tónmenntastofunni frammi í sal. Rædd hugmynd um að breikka hurðargat milli tónmenntastofu og hátíðarsals.

Margrét E. gerir grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í skólanum t.d. hurðir á milli stofa í 2. bekk, breytingar á skrifstofu skrifstofustjóra og gler inn í milliherbergi í 2. bekkjar stofur.

Ásta Olga lýsir ánægju með flæði milli almennrar kennslu og verk- og listgreina (snillismiðju). Hún spyr um hvort hlutverk gróðurhúss sé lýst í starfsáætlun. Margrét E. segir frá gróðurhúsinu t.d. að það hafi ekki verið afhent. Rætt um að gróðurhúsið muni þróast inn í allt starf skólans. Úlfhildur segir frá því að Vignir tónmenntakennari sé duglegur að hvetja nemendur sem ekki eru í tónlistarnámi utan skóla til þess að semja og flytja lög.

Sigrún Alba ræðir um svigrún skólans til að byrja tungumálakennslu fyrr en nú er. Almennar umræður um það.

Starfsáætlun skólans samþykkt.

Margrét E. segir frá því að lokaúttekt nýbyggingarinnar hafi enn ekki farið fram.

Margrét E. segir frá þróunarverkefnum sem skólinn tekur þátt í í vetur. Sagt frá styrk sem skólinn fékk í tengslum við Sköpunarsmiðjur. Áframhaldandi þróun Mentor, hæfnimiðað námsmat, Réttindaskóli UNICEF, starfsþróun teyma, stærðfræðileiðtoganámskeið, teymiskennsla, skólaheimsóknir í aðra skóla.

## **Önnur mál**

Skipulagsmál: Ásta Olga segir frá fyrirhuguðu deiliskipulagi á BYKO reit og hvort fyrirhugaðar nýbyggingar muni skyggja á þak skólans.

Umferðarmál: Ásta Olga ætlar að halda áfram sem fulltrúi grenndarsamfélagsins. Rætt um framkvæmd umferðarkönnunnar. Rætt um slaka lýsingu í hverfinu og ólöglega lagða bíla.

Margrét E. segir fulltrúum frá Handbók um skólaráð sem hægt er að nálgast á netinu.





# Fundur í skólaráði 7. maí 2019

**Mættir:** Margrét E, Guðrún Halla (ritari), Sunna, Þorsteinn, Sigrún Alba, Ásta Olga.

## Dagskrá

1. Olweus eineltiskönnun
2. Skóladagatal 2019-2020
3. Umferðarmál
4. Önnur mál

### 1. Olweus eineltiskönnun

Erna og Svanhildur, umsjónarmenn Olweusarverkefnisins, kynntu niðurstöður könnunarinnar. Könnun var lögð fyrir í nóvember/desember fyrir alla nemendur í 4.-7. bekk. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hefur vanlíðan barna í skólanum aðeins aukist frá 2015. Vanlíðan hefur aukist á landsvísi samkvæmt samantekt á niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar, sérstaklega árið 2017. Til að bregðast við vanlíðan barna er unnið með ýmsa þætti eins og tengslakannanir, nemendaviðtöl og önnur sértæk atriði. Í niðurstöðum könnunarinnar eru nokkrar lykilspurningar sem sérstaklega eru skoðaðar eins og hvort börn eigi vini og hversu oft barn telji sig vera lagt í einelti. Samkvæmt Olweus er ekki nóg að eiga einn góðan vin heldur nokkra. Stríðni telst vera einelti ef hún á sér stað tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Í niðurstöðum könnunarinnar frá því fyrir áramót segjast fimm strákar og sex stelpur verða fyrir einelti, eða 7,4%. Einelti á sér aðallega stað á skólalóðinni. Samkennd barnanna virðist fara minnkandi frá 61,2% árið 2015 í 42,7% árið 2018. Börnin upplifa síður að þeim sé hjálpað af samnemendum. Samkvæmt niðurstöðum treysta börnin kennurum til að taka á málum. Neteinelti á skólatíma er ekkert en gerist aðeins utan skólatíma. Börnin segja ekki alltaf frá og virðast strákar duglegri en stelpur að segja frá. Getur verið að þeir treysti vinum sínum betur.

Allt starfsfólk skólans hjálpast að við að finna þá einstaklinga sem verða fyrir einelti. Bekkjarsfundir eru tæki sem kennarar nota til að taka á málum sem upp koma. Á þeim fundum er aldrei talað um einstök mál. Talhópar virka einnig vel þar sem tveir og tveir tala saman og segja frá því sem hinn sagði. Samkvæmt niðurstöðum virðist einelti vera meira núna innan vindahópa, sérstaklega meðal stelpna. Mjög mikilvægt er að hvetja stelpur til að segja frá. Börn upplifa oft að það sé erfitt að segja frá vegna þess að þetta eru vinir. Oft getur verið erfitt að hjálpa stelpum út úr erfiðum samskiptum. Mjög mikilvægt er að samskipti milli heima og skóla séu góð. Vesturbæjarskóli vinnur að því að verða Réttindaskóli UNICEF og benda umsjónarmenn Olweusar á að það verkefni bæti andann og auki samkennd. Einnig benda þeir á teymiskennsluna sem góða til að sem flestir fái að blómstra.





## 2. Skóladagatalið 2019-2020

Farið var yfir skóladagatalið. Skólaárið byrjar á hefðbundnum fimm starfsdögum í ágúst. Hefðbundin dagskrá er á haustmánuðum. Í ár verður breyting frá því áður þar sem nemendur og kennarar mæta í skólann 2. janúar eftir jólafrí. Skóla- og frístundaráð tók ákvörðun um að ljúka skólaárinu 5. júní. Þessu var mótmælt af bæði kennurum, skólastjórnendum og Kennarasambandinu.

Rætt var um leyfi nemenda á miðju skólaári. Er það vandamál eða ekki? Engin lög eru til um leyfi barna á skólatíma.

Skóladagatalið var samþykkt af foreldrum í Skólaráði.

## 3. Umferðarmál

Rædd var tillaga um minnkun hámarkshraða á Hringbraut. Einnig á að bæta lýsingu inni í hverfinu. Stefnt er á að endurnýja umferðarljósabúnað 2020. Hraðavaraskilti (grænn kall, rauður kall) koma upp fljótlega, ekki alveg víst hvar þau nákvæmlega verða staðsett. Ætti kannski að benda börnum og foreldrum að nota Meistaravallaljósinn frekar en Bræðraborgarstígljósinn. Ræddar voru vangaveltur varðandi einstefnu á Framnesvegi. Ekkert hefur verið ákveðið um það.

## 4. Önnur mál.

Rætt var um skólahljómsveitina. Nú eru þau komin í húsið og foreldrar kannski ekki alveg meðvitaðir um það starf sem boðið er upp á þar.

Spurt var um hvort hugsað hefði verið um að hafa 3. og 4. bekk í frístund hér í skólanum en ekki senda þau í Frostheima. Margrét svaraði því neitandi. Foreldrar bentu á að að mikill munur væri á aðstöðu Skýjaborga og Frostheima.

Varðandi skólalóðina. Komin eru tilboð í verkið. Lóðin verður tekin í tveimur áföngum. Aðstaðan á lóðinni er ekki góð en þegar hún verður tilbúin verður hún mjög góð þó hún sé lítil.

Spurt um þriðju hæðina. Erum ekki búin að fá þriðju hæðina afhenta.

Spurt um snjallsíma. Vangaveltur t.d í Hagaskóla að hafa símabann. Við í Vesturbæjarskóla höfum tekið þá afstöðu að kenna börnum á tækin frekar en að banna þau. Í skólanum eru ákveðnar reglur sem gilda um notkun snjallsíma á skólatíma. Mikilvægt er að kenna börnum hvernig á að umgangast þessi tæki.





# Fundur í skólaráði 21. mars 2019

**Mættir:** Ásta Olga Magnúsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Guðlaug Elísabet Finnsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir (ritari), Harpa Guðmundsdóttir, Sigrún Alba, Guðrún Halla og Lína farteymi.

## Dagskrá

1. Farteymi
2. Réttindaskóli
3. Byggingamál
4. Lóðamál
5. Umferðarmál
6. Önnur mál

### 1. Farteymi

Lína kynnir farteymið. Sagt frá skipulagi, tilgangi og starfsemi.

### 2. Réttindaskóli

Nemendur skólans úr réttindaráðinu, Þorsteinn og Sara úr 7. bekk og Guðlaug verkefnastjóri, kynna réttindaráðið og réttindaskólaverkefnið.

### 3. Byggingarmál

Margrét skólastjóri segir frá framgangi byggingamála m.a. að lokaúttekt hefur ekki farið fram á nýja skólahúsinu og þakið hefur ekki enn verið afhent vegna galla. Almenn ánægja með nýja húsið og aðstaða öll til fyrirmyndar. Rætt um matsal/hátíðarsal, hljóðvist og að það heyrst kannski ekki nógu vel t.d. í samsöng. Rætt um mötuneyti og Þorsteinn og Sara segja frá upplifun sinni af mötuneytinu. Þau eru ánægð með matinn en finnst stundum langar raðir. Foreldrar hafa heyrt góða hluti af mötuneyti.

### 4. Lóðamál

Margrét skólastjóri upplýsir að hönnun sé í gangi og að foreldrar og starfsfólk hafi verið með í ráðum. Foreldrar ræða um að ekki hafi verið upplýst nógu vel um framgang mála og vilja fá kynningu á hönnuninni. Hluti af lóðinni verður tekin í gegn í sumar.

### 5. Umferðamál

Margrét, skólastjóri upplýsir um gang mála. Umferðarmál eru í vinnslu í samstarfi við samgöngustjóra eftir síðasta fund skólaráðs og fund íbúasamtakanna. Ásta Olga segir frá því sem íbúasamtökin eru að gera í umferðamálunum og að Hringbrautamálið sé stóra málið en að ljósastýringamálin gangi hægt. Margrét Geirsdóttir leggur til að sendur sé póstur á Vegagerðina





um að sett verði upp skilti „Börn á leið í skóla“, „broskallaljós“ og að tími á gönguljósum verði lengdur án tafar. Margrét skólastjóri ætlar að sinna því fyrir hönd skólaráðs.

## **6. Önnur mál**

Engin

